

Yoko Ono á Íslandi

Myndlist

Eiríkur Þorláksson

Það hefur sjaldan eða aldrei verið annar eins mannfjöldi við opnun listsýningar hér á landi og streymdi til Kjarvalsstaða 27. apríl, þegar sýning Yoko Ono var opnuð. Fjölmíðlarnir höfðu beint kastljósi að listakonunni næstu daga á undan, og sú umfjöllun skilaði sér strax í aðsókninni á fyrstu helgi; fólk var þarna þúsundum saman, svo varla sá í auðan blett í þessu stóra húsi. Þeir sem skipuleggja listasýningar láta sig stundum dreyma um slíkt, en í þessu tilviki var það tæpast listin sem slíkt, sem dró að, heldur listakonan, Yoko Ono.

Það er varla hægt að segja að Yoko Ono hafi verið þekkt listakona meðal Íslendinga, þó að hún hafi starfað að listsköpun sinni um áratuga skeið. Hér sem annars staðar hafa fjölmiðlar til þessa fyrst og fremst fylgst með henni vegna Johns Lennons, eiginmanns hennar, sem var myrtur fyrir rúmum áratugum, og síðan vegna þess starfs, sem hún hefur unnið á sviði friðar- og mannréttindamála, en þar hefur hún nýtt sér athygli fjölmiðla til að fjalla um málefni sem eru henni hjartfólgin. Þessa þætti í lífi sínu nær listakonan svo að tengja saman í listinni. Sýningin á Kjarvalsstöðum hefur áður komið við í Noregi og Finnlandi, svo segja má að Yoko Ono hafi tekist vel til við að koma sínum hugðarefnum á framfæri á Norðurlöndunum að þessu sinni. Þetta er jafnframt ein umfangsmesta sýning á erlendri list, sem haldin verður hér á landi á þessu ári, og vafasamt að nokkur önnur sýning ársins hljóti viðlíka aðsókn.

Listakonan kom víða við á Íslandi á meðan á dvöl hennar stóð hér. Hún hitti hóp listamanna daginn fyrir opnun, ræddi við þá og framkvæmdi nokkra gjörninga

(m.a. nokkur „skuggaverk, sem prýða sýninguna); hún skoðaði landið lítillega, plantaði tré í Vínaskógi hjá Kárástöðum (eins og aðrir þekktir gestir landsins sýndu misseri), ræddi við kvennalistakonur, framkvæmdi gjörning á Miklatúni með stórum barnahóp, og þannig mætti telja áfram. Af öllu þessu og fleiru sem hún tók sér fyrir hendur má vera ljóst, að hún hefur jafnmikinn áhuga á fólkinu í kringum sig og listinni sem hún er að skapa, og kemur það vel heim og saman við ýmislegt, sem hún hafði að segja um listina og tilgang hennar.


Listsköpun Yoko Ono á sér langa sögu, og hún var orðin vel metinn brautryðjandi á sínu sviði, áður en leiðir þeirra Lennons lágu saman. En á hverju byggist myndlist Yoko Ono, og hvernig snýr hún að áhorfandendum?

Mörg viðtöl við listakonuna hafa birst í prentmiðlunum í tengslum við sýninguna, þar sem hún fjallar um eigin bakgrunn, listhugsun og vonir um framtíðina, og er óþarft að endurtaka það í löngu máli. Myndlist er ef til vill of takmarkandi skilgreining fyrir viðfangsefni Yoko Ono; á sýningunni eru vissulega myndir, en einnig textar, höggmyndir, hljóðverk, kvikmyndir og innsetningar — og alla þessa þætti nýtir listakonan til að ýta við sýningar-gestum, hvetja þá til þátttöku í verkunum og til að halda þeim áfram á eigin forsendum. Þetta er í fullu samræmi við upphaflegu hugmyndirnar að baki Fluxus, sem hún átti um tíma samleið með, en þær byggðust á því að brjóta niður mörkin á milli listar og annarra mannlegra athafna; en leiðir skildu, þegar sumir úr Fluxus-hópnum fóru að taka sig of alvarlega að hennar mati og tala um boð og bönn í listsköpun. Yoko Ono hefur alla tíð tengt list sína mjög sterklega við friðarboðskapinn, og á sýningunni á Kjarvalsstöðum sést það strax utandyra; þar blasir við boðskapurinn

„WAR IS OVER — if you want it“ (stýrjöldum er lokið — bara ef þið viljið það) og gefur þann tón friðar og hjartsýni á mannskepnuna (þrátt fyrir allt) sem sýningin í heild geislar af.

Jafnframt því sem verk listakonunnar hafa til að bera ákveðinn jákvæðan boðskap, þá ögra þau áhorfendum og hvetja þá til að hugsa. Hún hefur aðeins byrjað verkin, en það er áhorfandans að ljúka þeim. Í viðtali lýsti hún þessu þannig, að verk hennar byggðust meira á því að skiptast á reynslu en að boða einhvern sannleika; hún setti fram sinn þátt, og síðan tæki áhorfandinn við — og það væri hans viðbrögð, sem skiptu höfuðmáli. Framsetning verkanna er skýr og opin, en þó engan veginn tæmandi, og í því liggja möguleikarnir. List Yoko Ono höfðar þannig fremur til andans en sjónrænnar skynjunar, og fellur því vel að því sem almennt eru talin helstu einkenni hugmyndalistar.

Samhengi er einnig mikilvægt í list Yoko Ono. Hún hefur nefnt að verk hennar verða til við skyndilega hugljómum fremur en langa yfirlegu og þróun hugmynda. En eitt leiðir af öðru, og mörg orðaverkanna tengjast greinilega, eins og sjá má t.d. í „Bláa herbergið“, sem er röð til-mæla til lesandans. Einnig hafa verk orðið til í mörgum útgáfum, t.d. „Málverk til að reka nagla í“, en sú umfangsmesta af þeim, krossinn, tengist síðan köttunum í verkinu „BASTET“, eins og lesa má í textanum sem fylgir því verki. Önnur tilbrigði við einstakar hugmyndir felast síðan í þeim mörgu þörum verka á sýningunni, þar sem annað er gert með upprunalegum, forgengilegum efnum, en hitt steypt í brons. Ina Blom listfræðingur fjallar nokkuð um þessa þörur í ritgerð sinni „Innhljóð/Innbyggging“ í sýningarskrá, og telur að í þessu felist ekki endilega kaldhæðni í garð upphaflegu hugsjónarinnar eða frýsting hennar í hefðbundið saf-



Yoko Ono/Harpa Björnsdóttir: Skuggaverk. 1991.

nefni, heldur getur verið um ákveðna útvíkkun hugmyndarinnar að ræða. Listakonan sjálf rekur tildrög þessa í skýringu á sýningunni, sem sýnir að allir eru haldnir einhverjum fordómum, og verða að leggja nokkuð á sig til að yfir-stíga þá.

Kjarvalsstaðir hafa lagt talsvert í þessa sýningu í uppsetningu og umbúnaði. Í innganginum í vestursalinn er fólk strax orðið þátttakendur í verkunum, og það heldur áfram í salnum sjálfum og síðan á göngunum. (Inngönguleið fyrir hreyfihlaða og stórt fólk ætti hins vegar að vera gefin skýrt til kynna, en þar vantar mikið á.) Það er gott rými um verkin, og staðsetningar góðar. Hins vegar er það tæpast í anda Yoko Ono, að merking verka og annað les-mál er nær eingöngu á ensku. Við opnun sýningarinnar voru íslenskar skýringar afar sjaldséðar, og þó að nokkuð hafi verið bætt úr síðan með litlum merkimiðum, er það engan veginn nóg. Orðaverk, þó einföld séu, þurfa að vera á máli innfæddra, svo að börn og gamalmenni, hafnarverk-

amenn jafnt sem háskólaborgarar geti notið þess boðskapar, sem listakonan hefur fram að færa.

Þó að yfirskrift sýningarinnar, Peace! Friður! sé ef til vill óskhyggja og draumórar á tímum þegar olfulindum er breytt í eldhöf, stríðsjálfkar eru hetjur dagsins og blómvendur bera með sér sprengjur og dauða, þá snertir slíkt hjartsýni alltaf einhverja strengi í brjóstum manna. Því að jafnframt því sem myndlistin bregður spegli hins núturlega raunveruleika upp fyrir samfélagið, þá heldur hún í vonina um betri heim, og verk Yoko Ono bera þá von svo sannarlega með sér. Það væri auðvelt að láta kaldhæðnina ná yfirráðunum, en það væri líka uppgjöf. Listakonan segir í inngangi sýningarinnar: „Öll mín verk eru ákveðið form óskhyggju. Haldið áfram að óska meðan þið takið þátt í verkinu.“ — Skýrari geta til-mælin til sýningargesta varla verið.

Þetta er síðasta sýningarvika á verkum Yoko Ono á Kjarvalsstöðum, en sýningunni lýkur sunnudaginn 2. júní.

Óratorían Páll postuli

Tónlist

Jón Ásgeirsson

Óratorían um Pál postula eftir Mendelssohn var flutt sl. föstudag á Kirkjulistahátíðinni í Hallgrímskirkju. Flytjendur voru einsöngvararnir Sigrún Hjálmtýsdóttir, sópran, Alían Dubik, mezzosopran, Frieder Lang, tenor, og Andreas Schmidt, bariton. Auk þess sungu tveir kór-bassar smá einsöngsstrófur, þeir Loftur Erlingsson og Ragnar Davíðsson. Mótettukór Hallgrímskirkju átti og stóran þátt í þessum flutning, svo og Símfóníuhljómsveit Íslands en stjórnandi var Hörður Áskelsson.

Efni þessa verks fjallar um frásagnir Postulasögunnar af píslardauða Stefáns, ofsóknir er Sál (Páll) stóð fyrir gegn kristnum mönnum, þeim umskiptum er verða á höfum hans er Kristur birtist honum á ferð hans til Damaskus, starfi Páls meðal gyðinga og heiðinna manna og verkið endar á kveðju Páls og áhrifamiklum lofsöng.

Verk þetta er leikrænt í gerð og vakti á sínum tíma mikla athygli, þó nokkuð hafi það misst áhrifamátt sinn, sakir þess hve áreynslulaus tónstíll þess er og svo samfelldur, að enginn kaffi verksins hefur öðrum fremur skorið sig úr eða náð hylli og verið sérstaklega fluttur af kórum eða einsöngvurum.

Flutningur verksins var í heild mjög góður. Af einsöngvurum mæddi mest á sópransöngkonunni og söng Sigrún Hjálmtýsdóttir sín sautján atríði af glæsibrag. Tenórinn hefur á hendi ýmis hlutverk og var söngur Frieder Lang mjög góður.

Hlutverk Páls söng Andreas Schmidt af miklum þrótti og innlifun. Tvo dúetta sungu þeir saman Lang og Schmidt og fóru þeir á kostum, sérstaklega í seinni dúettinum. Mezzosópransöngkonan Alían Dubik söng tónles og aríu, sem

er hagleiðing um erindi Páls til Damaskus og var söngur Dubik mjög góður.

Mótettukór Hallgrímskirkju söng mjög vel en áhrifamestu þættir þessa verks eru einmitt kóramir og var flutningur þeirra í raun hápunktur tónleikanna. Símfóníuhljómsveit Íslands stóð vel fyrir sínu en staðsetningin á kontra-bössunum og þó sérstaklega pákunnunni, olli því að þegar mikið var að gera hjá þessum hljóðfærum drundi undir í kirkjunni, svo að vart mátti greina hvað annað var að gerast.



Mótettukór Hallgrímskirkju



Sigrún Hjálmtýsdóttir



Alían Dubik



Frieder Lang



Andreas Schmidt

Hörður Áskelsson orgelleikari við Hallgrímskirkju hefur nú í annað sinn flutt stórvirki eftir Mendelssohn og gert það með glæsibrag og þar með innsiglað það, að hann er maður til stórra verka. Þá er ekki síður mikilvægt að í starfi sínu hefur hann fært kirkju sinni þau verk, sem í raun tilheyra henni,

verk sem kirkjan hefur ekki sem skildi sinnt að flytja fólki og þar með ekki sinnt að laða þá til samvistar, sem skynja mikilleik og fegurð trúarinnar í sköpun listþjóna kirkjunnar. Í raun á kirkjulistahátíðin að standa allt árið, vera hluti af þeim eldbjarna hátignar, er kallar menn til sín með sama hætti og Pál postula forðum.



Hörður Áskelsson

Flísar
Flísar
Flísar

Vandaðar vörur á betra verði.

Nýborg 

Skátuvogi 4, sími 82470